

## SÁTT

### Samkeppniseftirlitsins og Hreyfils svf.

Samkeppniseftirlitið og Hreyfill svf., kt. 640169-3549, Fellsmúla 26, 108 Reykjavík (hér eftir „Hreyfill“) hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 2. mgr. 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með bráðabirgðaákvörðun nr. 28/2023 frá 20. júlí 2023 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Hreyfill hafi sennilega brotið gegn 10. gr., sbr. 12. gr., og 11. gr. samkeppnislaga með því að banna leigubifreiðastjórum sem eru í þjónustu hjá Hreyfli að nýta sér þjónustu annarra leigubifreiðastöðva. Með sátt þessari skuldbindur Hreyfill sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum og grípa til nánar tilgreindra aðgerða:

#### 1. gr.

##### Markmið og meginefni skilyrða

Í bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2023 var talið sennilegt að Hreyfill væri í markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir þjónustu leigubifreiðastöðva og að bann við því að félagsmenn þess keyrðu fyrir aðrar leigubifreiðastöðvar eða farveitur bryti gegn 10. gr., sbr. 12. gr., og 11. gr. samkeppnislaga.

Þau skilyrði sem Hreyfill felst á að hlíta byggja á eftirfarandi markmiðum:

- a. Að bregðast við þeirri samkeppnisröskun sem getur stafað af sterkri stöðu Hreyfils á markaði fyrir þjónustu leigubifreiðastöðva á Íslandi.
- b. Að auka aðgengi annarra leigubifreiðastöðva eða farveitna að atvinnuleyfishöfum sem stunda leigubifreiðaakstur og nýta sér þjónustu Hreyfils.
- c. Að vernda og efla samkeppni á markaði fyrir þjónustu leigubifreiðaaksturs og í því sambandi gefa rekstrar- og atvinnuleyfishöfum sem aka undir merkjum Hreyfils tækifæri á að aka leigubifreiðum einnig fyrir aðrar leigubifreiðastöðvar.

#### 2. gr.

##### Aukið aðgengi o.fl.

Hreyfill skal tryggja að aðgengi annarra leigubifreiðastöðva að leigubifreiðastjórum sem nýta sér þjónustu Hreyfils verði greiðara, þannig að þeim verði gert kleift að aka jafnframt fyrir aðrar leigubifreiðastöðvar. Nánar tiltekið skuldbindur Hreyfill sig til að grípa til eftirfarandi aðgerða í þessum tilgangi:

- 2.1 Hreyfill skal breyta a-lið 13. gr. samþykka félagsins og tryggja að félagsmaður geti flutt atvinnuleyfi sitt á aðra leigubifreiðastöð án þess að sæta brottrekstri úr félaginu.
- 2.2 Hreyfill skal breyta stöðvarreglum félagsins þannig að þær hamli ekki samkeppni um leigubifreiðaakstur. Meðfylgjandi sátt þessari eru uppfærðar stöðvarreglur og er vísað til þeirra. Helstu breytingar Hreyfils á stöðvarreglunum eru eftirfarandi og gætt skal að því að eftirfarandi skilningur sé lagður til grundvallar við túlkun reglnanna:

- a. Koma skal skýrt fram í 1. gr. að skyldur sem lagðar eru á leigubifreiðastjóra eigi við þegar ekið er fyrir Hreyfil, vegna ferða á vegum félagsins.
  - b. Í 8. gr. reglnanna er tekið fram að eingöngu megi aka undir merkjum Hreyfils ef ferð er á vegum félagsins. Gætt verður að því að félagsmönnum, sem kjósa að nýta sér þjónustu annarra leigubifreiðastöðva, verði gert auðvelt að taka auðkenni Hreyfils niður eða hylja, þegar þeir aka fyrir aðrar leigubifreiðastöðvar.
  - c. Tryggja skal að 13. gr. valdi ekki óvissu meðal rekstrarleyfis- og atvinnuleyfshafa (með þeim afleiðingum að Hreyfill setji hámarkstaxta á ferðir sem farnar eru á vegum annarra leigubifreiðastöðva).
  - d. Skýrt verði að ákvæði 14. gr. eigi eingöngu við um afgreiðslubúnað Hreyfils en ekki annarra leigubifreiðastöðva.
- 2.3 Hreyfill skal uppfæra samninga um stöðvarpláss fyrir einstaklinga og félög vegna aksturs fyrir Hreyfil að teknu tilliti til nýrra stöðvarreglna í samræmi við gr. 2.2. í sátt þessari.

### **3. gr. Viðurlög o.fl.**

Brot á þeim fyrirætlum sem fram koma í sátt þessari geta varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Með sátt þessari er lokið rannsókn Samkeppniseftirlitsins, sem hófst með erindi frá Hopp leigubílum ehf. Sáttin leiðir til þess að ekki mun koma til frekari íhlutunar á grundvelli erindis Hopp leigubíla ehf.

Með sátt þessari fellur úr gildi bráðabirgðaákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2023.

### **4. gr. Yfirlýsing**

Hreyfill skal tryggja að stjórn og félagsmenn félagsins þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til þess að starfa eftir henni.

### **5. gr. Gildistaka**

Reykjavík, 1. júlí 2024

F.h. Samkeppniseftirlitsins

F.h. Hreyfils svf.

Páll Gunnar Pálsson

Haraldur Axel Gunnarsson